**VII. Til uppeldishúsa á garðyrkjubýlum.**

a. Til byggingar uppeldishúsa með lýsibúnaði: Framlag 2.550 kr. á m², allt að 200 m² að flatarmáli á býli.
b. Til lýsingar í gróðurhúsum: Framlag 600 kr. á m², allt að 510 m² að flatarmáli á býli.
c. Til kolsýrugjafar í gróðurhúsum: 35% af verði tækja og búnaðar.

**VIII. Til loðdýrabygginga.**

Framlag nemi 26% af áætluðu kostnaðarverði þessara bygginga, allt að 600 m² að flatarmáli á býli.

**IX. Til ræktunar skjólbelta.**

Framlag nemi 66% af framlögðum kostnaði samþykktum af Búnaðarfélagi Íslands og 44% kostnaðar við nauðsynlegar girðingar vegna ræktunarinnar.

**X. Til sérstakra verkefna.**

Á árunum 1989 til 1991 skal árlega greiða framlag úr ríkissjóði til þess að meta þörf fyrir jarðabætur á einstökum bújörðum sem framlags geta notið samkvæmt lögum þessum og til áætlanagerðar um slíkar framkvæmdir.

Árleg framlög skulu að upphæð jafngilda 2,5% af heildarframlagi til jarðabóta skv. I.–IX. tölulið þessarar greinar viðkomandi ár. Ráðherra ákveður með reglugerð ráðstöfun þessa fjár að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

3. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Á framlög, sem ákveðin eru í 10. gr. þessara laga, skal greiða verðuppbót samkvæmt vísitölu er sýni breytingar á tilkostnaði framkvæmda frá meðalkostnaði þeirra á árinu 1988. Hagstofa Íslands ákveður grundvöll þessarar vísitölu í samráði við Búnaðarfélag Íslands, Byggingarstofnun landbúnaðarins og landbúnaðarráðuneytið. Hagstofa Íslands reiknar vísitöluna miðað við meðalkostnað hvers árs. Fyrirmæli fyrri málsliða þessarar greinar gilda um greiðslu verðlagsuppbóta á framlög til framkvæmda frá og með árinu 1989.

Af jarðabótaframlögum þeim, sem talin eru í 10. gr., skulu 4% renna til hlutaðeigandi búnaðarsambands og 2% til búnaðarfélags jarðabótamanns. Af framlögum til loðdýrabygginga skal þó aðeins greiða 4% til búnaðarsambands.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 29. maí 1989.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**
(L. S.)

*Steingrímur J. Sigfússon.*



# LÖG

## um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80/1987.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis eiga allir sem:
1. eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram,
2. eiga íslenskan ríkisborgararétt og
3. eiga lögheimili hér á landi eða hafa átt það, sbr. 2. tölul. 15. gr.

2. gr.

15. gr. laganna breytist þannig:

a. Í stað 2. tölul. komi tveir töluliðir svohljóðandi:
   2. Þá sem uppfylla skilyrði 1. og 2. tölul. 1. gr. og eiga ekki lögheimili hér á landi en hafa átt það, sbr. 3. tölul. 1. gr. Skulu þeir færðir á kjörskrá þar sem þeir áttu síðast lögheimili samkvæmt þjóðskrá. Íslenskur ríkisborgari, sem ekki hefur átt lögheimili hér á landi síðastliðin átta ár, talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag, skal þó tekinn á kjörskrá samkvæmt sérstakri umsókn um það. Umsóknin skal send Hagstofu Íslands og rituð á eyðublað sem hún lætur í té. Skulu umsóknareyðublöð liggja frammi á Hagstofunni, í skrifstofum sendiráða og fastanefnda, í sendiræðisskrifstofum og í skrifstofum kjörræðismanna. Í umsókn skal koma fram fullt nafn og kennitala umsækjanda, hvenær hann flutti af landi brott, síðasta lögheimili hér á landi og heimilisfang erlendis. Umsókn skal jafnframt bera með sér yfirlýsingu umsækjanda um að hann sé enn íslenskur ríkisborgari. Sé umsókn fullnægjandi tekur Hagstofan umsækjanda á kjörskrárstofn í því sveitarfélagi er hann átti síðast lögheimili og tilkynnir sveitarstjórn svo og umsækjanda sjálfum. Ákvörðun um að maður sé þannig tekinn á kjörskrá gildir í fjögur ár frá 1. desember næstum á eftir að umsókn var lögð fram.
   3. Þá sem uppfylla skilyrði 1. og 2. tölul. 1. gr. og áttu ekki lögheimili hér á landi 1. desember næstan á undan þeim tíma er kjörskrá skal lögð fram en hafa síðan eignast lögheimili í sveitarfélaginu, enda eigi ákvæði 2. tölul. þessarar greinar ekki við um þá.

b. Í stað „1. og 2. tölul.“ í 1. málsl. 3. tölul., er verður 4. tölul., kemur: 1.–3. tölul.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 29. maí 1989.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**
(L. S.)

*Halldór Ásgrímsson.*